



Læsisstefna
Grunnskóla Hornafjarðar

Október 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Læsi.....	5
Samræða, tjáning, hlustun	5
Framsögn	5
Tjáning	5
Lestur og lesskilningur	6
Lestrarkennsla	6
Lestrarkennsluaðferð Grunnskóla Hornafjarðar	6
Lesskilningur	6
Tvítýngdir nemendur	7
Þjálfun í skóla og heima.....	7
Lestrarvinir	7
Lestaráttak.....	7
Ritun og miðlun	8
Lesfimi	8
Hraðlestur.....	8
Skimanir og próf	9
Lesferill – Lesskimun fyrir 1.bekk	9
Hraðlestrarpróf.....	9
Orðarún - lesskilningur	10
Logos lesskimun	10
Stoðþjónusta	10
Lestrarmenning	10
Yndislestur	10
Nestislestur.....	10
Sumarlestur	11
Samstarf við önnur skólastig	11
Upplestrarkeppnir	11
Skólabókasafn.....	11
Einn bekkur ein bók.....	11
Allir gegna hlutverki.....	12

Hlutverk nemenda.....	12
Hlutverk foreldra/forráðamanna	12
Hlutverk kennara	12
Hlutverk skólastjórnenda	12
Hlutverk sveitarfélagsins	12
Endurskoðun og mat á stefnunni	12
Lestrar- og ritunaráætlanir í 1. – 10. bekk.....	13
Áherslur í lestrarkennslu	56
Viðmið í lestri í Grunnskóla Hornafjarðar.....	58

Inngangur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta (2011:31-32) er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum tvíþætt. Annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku þeirra í atvinnulífinu og frekara nám. Lestur er einn af grunnþáttum menntunar og er meginforsenda þess að nemendum sækist nám vel.

Haustið 2014 var þróunarverkefninu Leið til árangurs (LTÁ) ýtt úr vör í Grunnskóla Hornafjarðar með það að leiðarljósi að bæta árangur nemenda í skólanum og heldur sérstakt teymi utan um þá vinnu. Lestrarstefnan er afrakstur af vinnu teymisins og jafnframt kemur hún til móts við ákvæði í þjóðarsáttmála um læsi að sveitarfélög skuli setja sér læsisstefnu.

Lestrarstefnan lýsir áætlun sem kennarar og stjórnendur Grunnskóla Hornafjarðar ætla að vinna eftir til að ná markmiðum aðalnámskrár. Kjarni lestrarstefnunnar er að allir nemendur fái þjónustu við hæfi, að allir nemendur nái eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til og að lestrarkennslan verði öllum nemendum gott veganesti þegar þeir halda út í lífið.

Allir kennarar í Grunnskóla Hornafjarðar bera ábyrgð á lestrarnámi nemenda. Lestrarnám varðar ekki eingöngu móðurmálskennslu heldur einnig kennslu nýrra hugtaka og nýs orðaforða í öllum námsgreinum.

Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, bls. 19).

Læsi má skipta í fjóra þætti, en þeir eru:

- Samræða, tjáning og hlustun
- Lestur og lesskilningur
- Ritun og miðlun
- Lesfimi

Þessir fjórir þættir tengjast á þann hátt að það þarf að þjálfva þá alla til að ná árangri í læsi. Einhver færni þarf að vera í hverjum þætti til þess að efla hina þættina. Mikilvægt er að huga vel að öllum fjórum þáttunum við læsiskennslu.

Læsi einskorðast ekki við lestur, heldur snýst læsi að auki um að skilja inntak texta, miðla efni hans og nýtt sér innihald hans. Mikilvægt er að læsiskennsla feli í sér fjölbreytta vinnu með mál, samskipti og miðlun.

Samræða, tjáning, hlustun

Framsögn

Grunnskóli Hornafjarðar tekur þátt í Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk og Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk. Fyrir báðar þessar keppnir fer fram mikil og markviss framsagnarþjálfun. Þjálfun 7. bekkjar hefst á degi íslenskrar tungu þegar nemendur fara á leikskólann Sjónarhól og lesa fyrir börnin. Í leiklist fara nemendur einnig í gegnum framsagnaræfingar. Í þemavinnu og ýmsum verkefnaskilum er áhersla á að nemendur flytji verkefni fyrir áheyrendur með góðri og skýrri framsögn. Auk þess er ræðumennska þjálfuð með ýmsum aðferðum.

Tjáning

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi, geta tjáð skoðanir sínar, hlustað á aðra, rökrætt og komist að niðurstöðu. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru færari um að taka þátt í samfélagsumræðunni og eiga auðveldara með að miðla af þekkingu sinni en þeir sem ekki hafa öðlast þessa færni.

Víða í skólastarfinu fá nemendur tækifæri til að þjálfva tjáningarmáta sinn. Það er meðal annars gert með sérstökum umræðuverkefnum, samræðuaðferð, leikjum og listsköpun og eru allar námsgreinar til grundvallar slíkri þjálfun.

Lestur og lesskilningur

Lestur og lesskilningur eru tengd hugtök en hafa ólíka merkingu. *Lestur* er færni að geta lesið í stafi og tákni og umskráð yfir í hljóðastrengi, orð og setningar sem er tæknilegt ferli lestrar. *Lesskilningur* snýst aftur á móti um merkingarsköpun, að meðtaka það sem lesið er og leggja skilning í það. Lipur færni í umskráningu er nauðsynleg en til að lesskilningur sé tryggður þarf að huga að fleiri þáttum, svo sem *málskilningi*, *bakgrunnsþekkingu*, *rökhugsun* og *ályktunarhæfni*.

Málskilningur er meginstoð lesskilnings og er því ein af þeim undirstöðum læsis sem leggja þarf rækt við í skólasterfi.

Lestrarkennsla

Lestur og lestrarkennsla er ferli sem á sér stað alla skólagönguna. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir: „Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar“. Markmiðið er að við lok skólagöngu í Grunnskóla Hornafjarðar hafi allir nemendur náð sinni bestu mögulegu lestrarfærni.

Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki, heldur lærð færni. Lestur hefur fylgt mannkyni í nokkur hundruð ár og læra flest börn að lesa með markvissri þjálfun. Það er þó ekki sjálfgefið að öll börn eigi auðvelt með að læra að lesa, því er mikilvægt að vera sífellt á varðbergi og bregðast fljótt við ef erfiðleika verður vart með snemmtækri íhlutun. Í Grunnskóla Hornafjarðar er lögð áhersla á reglulegar skimanir til að finna sem allra fyrst þá nemendur sem þurfa á íhlutun að halda.

Lestrarkennsluaðferð Grunnskóla Hornafjarðar

Megin kennsluaðferð lestrar í Grunnskóla Hornafjarðar er hljóðaaðferð en hún hentar vel til að kenna umskráningu sem er tæknileg hlið lestrar. Eins og með önnur námssvið í Grunnskóla Hornafjarðar er um einstaklingsmiðun að ræða. Áhersla á lestur í gegnum allan skólann hefur aukist eftir að verkefnið Leið til árangurs hófst.

Leitast er við að byggja ofan á þá færni sem nemendur koma með úr leikskóla og aukið samstarf leik- og grunnskóla stuðlar að því að auðveldara er að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur við upphaf 1. bekkjar. Getið nemenda er misjöfn og er leitast við að koma til móts við hana í gegnum hugmyndafræði sem kennd er við „Leið til læsis“ og fjallar um snemmtæka íhlutun.

Grannt er fylgst með framvindu lestrarnáms allra nemenda á öllum stigum og er markmiðið að hjálpa hverjum og einum til að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum hverju sinni.

Lesskilningur

Lesskilningur er sá þáttur lestrar sem mestu skiptir og þróast hann oftast samhliða almennri lestækni og eftir því sem lestækni verður þjálli þeim mun betri verður lesskilningurinn.

Góðir lesarar beita að öllu jöfnu mörgum ólíkum aðferðum við lestur. Þeir spá fyrir um efnið áður en þeir lesa, tengja við eigin reynslu og þekkingu, fylgjast með skilningi sínum og bregðast við með

áhrifaríðum aðferðum ef skilningi er ábótavant. Í Grunnskóla Hornafjarðar er lögð áhersla á að þjálfar lesskilning í gegnum allt almennt námsefni og nota til þess ýmsar aðferðir.

Ef upp kemur lesskilningsvandi þrátt fyrir góða lestækni er lögð áhersla á að leita orsaka og bregðast við í samræmi við vandann.

Tvítyngdir nemendur

Nemendur grunnskólans sem hafa annað móðurmál en íslensku eru fjölmargir. Grunnskóli Hornafjarðar hefur gefið út móttökuáætlun sem finna má á heimasíðu skólans. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að útvega námsefni við hæfi nemandans.

Nemendur sem eru nýfluttir til landsins fá kennslu í grunnorðaforða á hverjum degi fyrstu vikunnar en eru að öðru leyti þátttakendur í bekkjarstarfinu. Eftir grunnþjálfun fá nemendur áframhaldandi sérstakan stuðning eftir þörfum.

Mikilvægt er að hvetja foreldra og nemendur til að viðhalda móðurmálinu og benda þeim á notkun bókasafna sveitafélagsins í því sambandi.

Þjálfun í skóla og heima

Í yngri bekkjum Grunnskóla Hornafjarðar er lögð áhersla á að nemendur lesi á hverjum degi í skólanum, upphátt og í hljóði. Eftir því sem á líður og leshraði eykst er aukin áhersla lögð á þjálfun framsagnar og lesskilnings.

Allir nemendur eiga að æfa sig í að lesa upphátt heima hvort sem þeir lesa hægt eða hratt til að viðhalda þeirri færni sem náðst hefur. Skólinn fylgist með og veitir reglulega endurgjöf á heimalestur og lestur í skóla með notkun lestrarmiða.

Allir nemendur fá lestrarmiða þar sem foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir því að heimaþjálfun hafi átt sér stað og starfsmenn skóla kvitta fyrir þjálfun í skólanum. Verði misbrestur á heimaþjálfun er haft samband við foreldra.

Lestrarvinir

Lestrarþjálfun allra nemenda skólans getur verið tímafrek sérstaklega á yngra stigi þar sem allir nemendur lesa upphátt í skólanum. Grunnskóli Hornafjarðar hefur fengið til liðs við sig sjálfboðaliða úr nærsamfélaginu, lestrarvini, til að aðstoða við þjálfunina.

Lestraráttak

Sérstakt lestrarátak er tvisvar sinnum á skólaári. Skipulagning og framkvæmd er í höndum Umsjónarkennara og er útfærslan fjölbreytt. Auk þess eru Umsjónarkennarar með ýmsa lestrarspretti í lestrarþjálfuninni.

Ritun og miðlun

Mikilvægt er að nemendur búi yfir fjölbreyttum aðferðum til að miðla þekkingu sinni, hugsunum og upplifun. Með því eiga þeir greiðari leið að samskiptum við aðra og geta haft áhrif í samfélagi sínu. Þjálfun í ritun miðar meðal annars að því að segja frá, segja skoðanir sínar, tjá tilfinningar, fræða og halda utan um upplýsingar. Í skólanum er unnið eftir markvissum ritunarferlum (sjá viðauka) og fjölbreyttir tæknimöguleikar eru nýttir við ritunarkennslu.

Lesfimi

Hraðlestur

Hraðlestur er hægt að þjálfa markvisst, rannsóknir sýna að *studdur raddlestur* gefi bestan árangur. Með *studdum raddlestri* er átt við að kennari/forráðamaður hlusti á nemandann lesa upphátt, veiti nauðsynlega aðstoð og hvatningu við lesturinn og sé góð lestrarfyrirmynd.

Leshraði er mikilvægur mælikvarði á lestrarfærni. Í Grunnskóla Hornafjarðar er því lögð áhersla á að þjálfa upp leshraða og sett hafa verið upp hraðaviðmið fyrir hvern árgang. Nemendur taka reglulega stöðupróf í hraðlestri þar sem framfarir eru metnar. Hraðlestrarpróf gefa yfirlit yfir hversu vel hver nemandi hefur náð að tileinka sér lestrartæknina og yfirfærslu tákna í hljóð.

Skimanir og próf

Til að fylgjast með framförum nemenda og greina hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða er nauðsynlegt að meta stöðu hvers nemanda með reglulegu millibili. Stöðupróf í lestri og lesskilningi eru tekin nokkrum sinnum á ári til að meta stöðuna og greina hvort um eðlilegar framfarir er að ræða (sjá töflu 1).

Ágúst	September	Október	Nóvember
	Logos – lesskimun í 9. bekk Stafsetning -úr GPR í 9. bekk Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk Lesfimiþróf í 1. – 10. bekk	Tengslakönnun í 1. – 10. bekk Leið til læsis -lesskimun í 1. bekk Orðarún lesskilningspróf í 3. – 10. bekk Logos – lesskimun í 6. bekk Talnalykill í 6. bekk	MOT -hreyfi-þroskaskimun Talnalykill í 3. bekk Logos -lesskimun í 3. bekk
Desember	Janúar	Febrúar	Mars
	Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk Lesfimiþróf í 1. – 10. bekk	Orðarún lesskilningspróf í 3. – 10. bekk Tengslakönnun í 1. – 10. bekk, ef þarf Skólapúlsinn /foreldrakönnun	Samræmd könnunarpróf í 9. bekk Skólapúlsinn /starfsmannakönnun
Apríl	Maí	Júní	
Skólapúlsinn í 1. – 5. bekk	Lesfimiþróf í 1. – 10. bekk Orðarún lesskilningspróf í 3. – 10. bekk Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk		

Tafla 1. Yfirlit skimana og prófa í Grunnskóla Hornafjarðar.

Lesferill – Lesskimun fyrir 1.bekk

Leið til læsis er stöðluð lesskimun fyrir börn við upphaf skólagöngu til að kanna stöðu þeirra í læsi og forsendur þeirra til lestrarnáms. Athuguð er staða málþroska, hljóðkerfisvitundar og stafapekkingar nemenda. Niðurstöður skimunarinnar nýtast við skipulagningu lestrarkennslunnar.

Hraðlestrarpróf

Hraðlestrarpróf eru lögð fyrir tvisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið. Viðmið Grunnskóla Hornafjarðar um leshraða eru lögð til grundvallar þegar metið er hvort einstakir nemendur þurfi á sérúrræðum að halda.

Orðarún - lesskilningur

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi.

Logos lesskimun

Logos er greiningartæki til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum, unglíngum og fullorðnum. Í Grunnskóla Hornafjarðar er Logos-skimun lögð fyrir alla nemendur í 3., 6. og 9. bekk. Niðurstöður skimananna eru notaðar til að skipuleggja og einstaklingsmiða lestrarnámið. Einstaka barn fer í frekari lestrargreiningu sé talin þörf á því. Fyrir lok grunnskóla er lögð áhersla á að öll börn með lesblindu séu með nýlega lestrargreiningu sem nýtist þeim í áframhaldandi námi.

Stoðþjónusta

Stoðþjónustan aðstoðar nemendur sem ná ekki markmiðum árgangsins. Það getur verið tímabundið eða hreinlega alla skólagöngu nemanda. Þegar nemandi vikur verulega frá markmiðum er gerð fyrir hann einstaklingsnámskrá í samráði við foreldra, umsjónarkennara og nemenda ef svo ber undir. Sjá nánar á: <http://gs.hornafjordur.is/thjonusta/>

Lestrarmenning

Eitt mikilvægasta verkefni skóla er að skapa lestrarmenningu sem ýtir undir jákvætt viðhorf til lestrar. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru margvíslegar leiðir farnar í þeim tilgangi t.d. höfundaheimsóknir í samvinnu við Menningarmiðstöð Hornafjarðar, upplestur kennara, umræður um bókmenntir, lestrarátak og samstarf við foreldra.

Nokkur verkefni hafa fest sig í sessi og hér eru talin upp þau helstu sem unnin eru í skólanum en að auki er margt annað gert til að stuðla að sterkri lestrarmenningu. Svona verkefni eru í sífelldri þróun og eðlilegt að ný verkefni skjóti upp kollinum og önnur detti út í staðinn.

Yndislestur

Nemendur á yngsta stigi fá reglulega yndislestrarstund en á mið- og unglíngastigi er yndislestur daglega. Þar lesa nemendur bækur að eigin vali en einnig eru þeir hvattir til að stunda yndislestur heima.

Nestislestur

Nestislestur er mikilvægur liður í að efla lestrarmenningu skólans en þá lesa kennarar fyrir nemendur á meðan þeir njóta ávaxtabitans. Nestislestur er notaleg stund sem getur vakið áhuga nemenda á lestri fleiri bóka um sömu sögupersónur eða eftir sama rithöfund.

Sumarlestur

Skólinn hvetur nemendur til að lesa yfir sumartímann til þess að missa ekki niður þá lestrarfærni sem náðst hefur yfir veturinn. Á vorin fá nemendur á yngsta- og miðstigi skráningarform til þess að halda utan um lesturinn. Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur efnt til sumarlesturs sem fer af stað eftir að skóla lýkur á vorin. Skólinn hvetur nemendur til að taka þátt í verkefninu en því lýkur um það leyti sem skólar hefjast.

Samstarf við önnur skólastig

Grunnskóli Hornafjarðar á í samstarfi við leikskólann Sjónarhól. Í tengslum við dag íslenskrar tungu lesa nemendur 7. bekkjar fyrir börnin á leikskólanum og er það jafnframt upphaf að æfingum fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Kennarar yngstu nemenda grunnskólans og starfsfólk leikskóla sækja stundum sameiginleg námskeið.

Upplestrarkeppnir

Nemendur 4. bekkjar taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni og nemendur 7. bekkjar taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Markviss undirbúningur fer fram fyrir keppnirnar og allir nemendur þjálfast í að lesa upphátt og að koma fram. Nemendur lesa ljóð og texta úr skáldsögum og þjálfast því í upplestri ólíkra textategunda. Í æfingaferlinu lesa nemendur m.a. upphátt úr kjörbókum en það getur vakið áhuga samnemenda á ákveðnu lestrarefni eða rithöfundum.

Skólabókasafn

Skólabókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í skólastarfinu. Skólabókasafnið er miðstöð lestrarmenningar skólans og hlutverk þess er að vinna að því að bæta viðhorf nemenda til lestrar og gera þá virkari í eigin lestrarnámi. Skólabókasafnið er opið nemendum á opnunartíma skólans en á yngsta- og miðstigi eiga nemendur einnig fastan tíma á bókasafninu. Í föstu tímunum les bókavörður fyrir nemendur, kynnir nýjar bækur og unnin eru ýmis verkefni. Að auki stendur bókasafnið fyrir lestrarhvetjandi verkefnum.

Einn bekkur ein bók

Í 4.-7. bekk les hver bekkur ákveðna bók. Unnin eru verkefni samhliða og verkefnaskil eru í formi framsagnar. Svipað fyrirkomulag er í 8.-10. bekk en þar fá nemendur tækifæri til að bera saman lestrarupplifun sína. Verkefnaskil eru margvísleg, bæði munnleg og skrifleg.

Allir gegna hlutverki

Hlutverk nemenda

Hlutverk nemenda er að taka við þekkingu og þjálfun, nálgast viðfangefni með jákvæðu hugarfari og nýta sér þekkingu sína með stuðningi og hvatningu foreldra/forráðamanna og kennara. Eftir því sem nemendur eldast bera þeir meiri ábyrgð á námi sínu.

Hlutverk foreldra/forráðamanna

Hlutverk foreldra/forráðamanna í læsinnámi barna og unglunga er m.a. að tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni og að umhverfi þeirra sé lestrarhvetjandi. Hlutverk foreldra/forráðamanna er einnig að fylgjast með námi barna sinna, veita stuðning og hvatningu og vera góðar fyrirmyndir í læsi.

Hlutverk kennara

Hlutverk kennara er að kennsla sé með fjölbreyttum hætti sem mæti þörfum ólíkra nemenda og að vekja og viðhalda áhuga þeirra. Einnig að tryggja að nemendur hafi aðgengi að fjölbreyttu og áhugaverðu námsefni. Kennarar þurfa að fylgjast vel með námi nemenda og grípa inn í ef nemandi á við námsörðugleika að stríða. Mikilvægt er að kennarar séu í góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn nemenda.

Hlutverk skólastjórnenda

Hlutverk skólastjórnenda er að skapa þannig umhverfi að allt sem þarf til þess að nám geti átt sér stað sé til staðar, þ.e. fjölbreytt námsefni, hæfir kennarar, stuðningur og góð aðstaða til náms. Hlutverk skólastjórnenda er einnig að marka stefnu í læsi og að starfsmenn skólans viðhaldi henni. Skólastjórnendur þurfa einnig að grípa inn í ef niðurstöður læsisprófana eru ekki viðunandi, greina vandann og finna lausnir í samstarfi við kennara.

Hlutverk sveitarfélagsins

Hlutverk sveitarfélagsins er að marka sér ákveðna stefnu í læsismálum og ganga í takt við heimili og skóla. Allir samfélagsþegnar þurfa að hafa gott aðgengi að lestrarefni, námsefni og upplýsingum. Sveitarfélagið þarf að hafa gott bókasafn og góða aðstöðu til náms sem hvetur fólk til læsis.

Endurskoðun og mat á stefnunni

Læsisstefnuna skal endurskoða árlega og skal Leið til árangurs teymið bera ábyrgð á að sú vinna fari fram.

Lestrar- og ritunaráætlanir í 1. – 10. bekk

Lestraráætlun fyrir 1. bekk –

Viðmið um árangur er **20 -75 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesna heima og í skóla daglega eftir að barn hefur fengið lestrarbók.	Umsjónarkennari Foreldrar	Lestrarvinir Stuðningsfulltrúi	25. ág . – 1. júní	Lesfimi: A-próf í september og maí. B-próf í janúar. Hliðarpróf Nefnuhraði: janúar Sjónrænn orðaforði: september, janúar, maí. Orðleysupróf: a.m.k. 1x á ári. Stafakönnun MMS Matsrammi fyrir lestrarlag MMS	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði.
Allir	Lesið fyrir börnin.	Umsjónarkennari	Bókasafnstímar.	25. ág. – 1. júní		Efla áhuga, hlustunarskilning, orðaforða.
Allir	Lestraráttak	Umsjónarkennari		19. – 30. okt 5. – 20. apríl sameiginlegt		Auka leshraða, skilning og orðaforða
Allir	Framsögn	Umsjónarkennari/ leiklistarkennari		25. ág – 1. júní		Efla færni nemenda í að tjá sig fyrir framan aðra, aukið sjálfstraust.
Allir	Samlestur	Umsjónarkennari		25. ág – 1. júní		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Leið til læsis	Sérkennari		Október	Leið til læsis	Staðsetur nemenda varðandi lestrarfærni
Allir	Sjónræn orð	Umsjónarkennari	Gera orð sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní		Efla málskilning og orðaforða

Hliðarpróf Lesferils (nefnuhraði, sjónrænn orðaforði, orðleysur) eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

1.bekkur – vinna með lesskilning

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunarskilningur (sögukort bls.99-100)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Umræður, endursögn
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Einföld lesskilningsverkefni með beinum spurningum	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Verkefni

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

Ritun í 1. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 1. bekk

Uppsetning, skrift og frágangur (hefur mest vægi í ritun í 1. bekk)

Að nemandi:

- dragi rétt til stafs
- þekki skriftaráttina
- hafi bil á milli orða
- geri greinarmun á stórum og litlum stöfum
- haldi rétt á skriffæri
- skrifi stóran staf í upphafi málsgreina
- noti punkt í lok málsgreina
- skrifi stóran staf í sérnöfnum
- noti vel yddaðan blýant
- noti alltaf strokleður
- geri punkta og kommur yfir stafi
- geri sjáanlegan mun á stórum og litlum staf
- gæti þess að stafirnir sitji rétt á línu

Viðfangsefni

Lögð er áhersla á að:

- nemendur gefi frásögn sinni nafn
- nemendur skrifa texta t.d. út frá eigin reynslu
- nemendur skrifa texta út frá myndum
- nemendur semji ljóð

Málfar

- nemendur gæti að hæfilegri lengd setninga

Námsmat

Kennari veitir endurgjöf eftir ritun og segir nemandanum hvað vel er gert og hvað má betur fara.

Eftirtaldir þættir alltaf metnir í ritun en vægi hvers þáttar mismunandi eftir ritunarverkefnum:

Uppsetning, skrift og frágangur

Viðfangsefni

Viðmið í lok 1.bekkjara

Að nemandur geti skrifað að lágmarki 10 orða samfellda frásögn, ljóð eða annað sem er snyrtileg uppsett með stórum stöfum á viðeigandi stöðum.

Lestraráætlun fyrir 2. bekk

Viðmið um árangur eru **40-100 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesna heima og í skóla daglega	Umsjónarkennari Foreldrar	Lestrarvinir Stuðningsfulltrúi	25. ág . – 1. júní	Lesfimi: A-próf í september og maí. B-próf í janúar. <i>Hliðarpróf</i> Nefnuhraði: janúar Sjónrænn orðaforði: september, janúar, maí. Orðleysupróf: a.m.k. 1x á ári. Stafakönnun MMS. Matsrammi fyrir lestrarlag MMS	Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Yndislestur	Umsjónarkennari		25. ág. – 1. júní	Fylgst með í yndislestrarstundum, 3x í viku.	Auka ánægju af lestri, leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Pals	Umsjónarkennari		Frá jan. - maí		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Lestraráttak	Umsjónarkennari		19. - 30. okt 5. – 20. apríl sameiginlegt		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Framsögn	Umsjónarkennari/ leiklistarkennari		25. ág. – 1. júní		Efla færni nemenda í að tjá sig fyrir framan aðra, aukið sjálfstraust.
Allir	Lesið fyrir börnin	Umsjónarkennari	Bókasafnstímar	25.ág – 1. júní		Efla áhuga, hlustunarskilning og orðaforða
Allir	Samlestur	Umsjónarkennari		25.ág – 1. júní		Auka leshraða, skilning og orðaforða.

Allir	Lesskilningur	Umsjónarkennari		25.ág – 1. júní	Kannanir	Auka skilning og orðaforða.
Allir	Stafsetning (5-10 orð á viku)	Umsjónarkennari			Stafsetningarpróf	Bæta stafsetningu
Allir	Stafsetningarmiðar sem fylgja heimalestrarbókum	Nemendur og foreldrar		25.ág – 1.júní		Bæta stafsetningu
Allir	Hugtök	Allir kennarar	Gera orð sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní	Námsmat almennt	Efla málskilning og orðaforða

Hliðarpróf Lesferils (nefnuhraði, sjónrænn orðaforði, orðleysur) eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

2.bekkur – vinna með lesskilning

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunarskilningur (sögukort bls.99-100)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Umræður, endursögn
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Einföld lesskilningsverkefni með beinum spurningum	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Verkefni
Allir	„Ekki finnast svör við öllum spurningum“ (bls.137-138)	Umsjónarkennari		Virgni og þátttaka

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

Ritun í 2. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 2. bekk

Uppsetning, skrift og frágangur

Að nemandi:

- dragi rétt til stafs
- geri hæfilegt bil á milli orða
- geri sjáanlegan mun á stórum og litlum staf
- noti punkt í lok málsgreina
- skrifi stóran staf í upphafi málsgreina
- skrifi stóran staf í sérnöfnum
- noti vel yddaðan blýant
- noti alltaf strokleður
- skrifa læsilega
- gera punkta og kommur yfir stafi
- gæta þess að stafirnir sitji rétt á línu

Byrjun og endir

- nemendur gefi frásögn sinni nafn
- gott er að nota h-in þrjú, hvenær, hverjir, hvar
- hvernig endar frásögnin
- hvernig leysast málin

Viðfangsefni

Lögð er áhersla á að:

- nemendur skrifi texta t.d. frá eigin brjósti, s.s. sögu, ljóð o.s.frv.
- nemendur skrifi texta út frá myndum
- kynnist hugtökunum upphaf, meginmál og niðurlag

Málfar

- nemendur gæti að hæfilegri lengd setninga
- nemendur byrji setningar á mismunandi vegu

Námsmat

Kennari veitir endurgjöf eftir ritun og segir nemandanum hvað vel er gert og hvað má betur fara.

Eftirtaldir þrjú þættir alltaf metnir í ritun en vægi hvers þáttar mismunandi eftir ritunarverkefnum:

Uppsetning, skrift og frágangur

Byrjun og endir

Viðfangsefni

Viðmið í lok 2.bekkjara

Að nemendur geti skrifað að lágmarki 30 orða samfellda frásögn, ljóð eða annað sem er snyrtilega uppsett með stórum stöfum á viðeigandi stöðum.

Lestraráætlun fyrir 3. bekk

Viðmiðmið um árangur eru **55-120 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesna heima og í skóla daglega	Umsjónarkennari Foreldrar	Lestrarvinir Stuðningsfulltrúi	25. ág . – 1. júní	Lesfimi: A-próf í september og maí. B-próf í janúar. <i>Hliðarpróf</i> Nefnuhraði: janúar Sjónrænn orðaforði: september, janúar, maí. Orðleysupróf: a.m.k. 1x á ári. Matsrammi fyrir lestrarlag, MMS	Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Yndislestur	Umsjónarkennari		25. ág. – 1. júní	Fylgst með í yndislestrarstundum, 1x í viku.	Auka ánægju af lestri, leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Pals	Umsjónarkennari		Frá jan - mars	Lesskilningspróf í nóv og maí - Orðarún	Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Lestraráttak	Umsjónarkennari		19. – 30. okt 5. – 20. apríl sameiginlegt		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Framsögn	Umsjónarkennari/ leiklistarkennari		25.ág – 1. júní		Efla færni nemenda í að lesa upphátt – Tjáning og miðlun
Allir	Samlestur	Umsjónarkennari		25.ág – 1. júní		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Lesið fyrir börnin	Umsjónarkennari	Bókasafnstímar	25.ág – 1. júní		Efla áhuga, hlustunarskilning og orðaforða
Allir	Lestrarkassinn	Umsjónarkennari		25.ág – 1. Júní	Kannanir. Orðarún í feb og maí.	Auka skilning og orðaforða.

Allir	Logos	Sérkennari		Október	Lesskimunin Logos	Skima nemendur sem eiga í erfiðleikum í lestrarfærni
Allir	Stafsetning (10-15 orð á viku). Lestur og stafsetning (sóknarskrift).	Umsjónarkennari			Stafsetningarpróf	Bæta stafsetningu
Allir	Stafsetningarmiðar sem fylgja heimalestrarbókum	Nemendur og foreldrar		25.ág – 1.júní		Bæta stafsetningu
Allir	Ritun (a.m.k. ein ritun á viku)	Umsjónarkennari			Sjá ritunarferla	Bæta ritun
Allir	Hugtök	Allir kennarar	Gera hugtök sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní	Námsmat almennt	Efla málskilning og orðaforða

Hliðarpróf Lesferils (nefnuhraði, sjónrænn orðaforði, orðleysur) eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

3.bekkur – vinna með lesskilning

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunarskilningur (sögukort bls.99-100)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Umræður, endursögn
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Lesskilningsverkefni með beinum spurningum	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Verkefni
Allir	„Ekki finnast svör við öllum spurningum“ (bls.137-138)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Spurningavefur (bls. 139-140)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Verkefni/kort
Allir	Að lesa, skrifa og spjall (bls. 129-131)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

Ritun í 3. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 3. bekk

Uppsetning, skrift og frágangur

Að nemandi:

- dragi rétt til stafs
- geri bil á milli orða
- stafsetji rétt
- geti nýtt sér regluna um n og nn
- noti punkt í lok málsgreina
- skrifi stóran staf í upphafi málsgreina
- skrifi stóran staf í sérnöfnum
- noti vel yddaðan blýant
- noti alltaf strokleður
- geri rétta vinstri spássíu
- geri rétta hægri spássíu
- skrifa læsilega
- gera punkta og kommur yfir stafi
- geri sjáanlegan mun á stórum og litlum staf
- gæta þess að stafirnir sitji rétt á línu

Byrjun og endir

- Nemendur gefi frásögn sinni nafn
- Gott er að nota h-in þrjú, hvenær, hverjir, hvar
- Hvernig endar frásögnin
- Hvernig leysast málin

Viðfangsefni

Lögð er áhersla á að:

- nemendur gefi frásögn sinni nafn
- nemendur skrifi texta t.d. frá eigin brjósti, s.s. sögu, ljóð o.s.frv.
- nemendur skrifi texta út frá myndum
- þjálfist í að gera upphaf, meginmál og niðurlag
- nemandi haldi söguþræði
- gott er að nota h-in þrjú, hvenær, hverjir, hvar
- semja texta á rafrænu formi
- þjálfist í að lesa upp eigin textasmíð

Málfar

- Nemendur forðist endurtekningar
- Nemendur gæti að hæfilegri lengd setninga
- Nemendur byrji setningar á mismunandi vegu

Námsmat

Kennari veitir endurgjöf eftir ritun og segir nemandanum hvað vel er gert og hvað má betur fara.

Eftirtaldir fjórir þættir alltaf metnir í ritun en vægi hvers þáttar mismunandi eftir ritunarverkefnum:

Uppsetning, skrift og frágangur

Byrjun og endir

Málfar

Viðfangsefni

Viðmið í lok 3.bekkjar

Nemendur eiga að geta skrifað 50 orða frásögn að lágmarki, með bili á milli orða, gefið henni nafn og gert greinarmun á stórum og litlum staf.

Lestraráætlun fyrir 4. bekk

Viðmið um árangur eru **80-145 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesna heima og í skóla daglega	Umsjónarkennari Foreldrar	Lestrarvinir Stuðningsfulltrúi	25. ág. – 1. júní	Lesfimi: A-próf í september og maí. B-próf í janúar. Hliðarpróf Nefnuhraði: janúar Sjónrænn orðaforði: september, janúar, maí. Orðleysupróf: a.m.k. 1x á ári. Matsrammi fyrir lestrarlag, MMS	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði
Allir	Yndislestur	Umsjónarkennari		25. ág. – 1. júní		Auka ánægju af lestri, leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Pals	Umsjónarkennari	Notað í öðrum fögum líka	Jan. - mars	Lesskilningspróf í nóv. Orðarún feb. og maí	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði.
Allir	Samlestur	Umsjónarkennari		25. ág – 1. júní		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Mínútspjöld (10 dagar)	Umsjónarkennari		1x á skólaárinu	Raddlestrarpróf	Auka leshraða
Allir	Lestraráttak (tvær vikur)	Umsjónarkennari		19.-30. Okt. 5. – 20. apríl. Sameiginlega í bæði skiptin.	Raddlestrarpróf	Auka leshraða og skilning
Allir	Lesið fyrir börnin	Umsjónarkennari	Bókasafnstímar	25. ág – 1. júní		Efla áhuga, hlustunarskilning og orðaforða

Allir	Framsögn Litla upplestrarkeppnin	Umsjónarkennari / leiklistarkennari		Nóv. -maí	Framsagnarmat	Efla færni nemenda í að lesa upphátt – Tjáning og miðlun
Allir	Lestrarkassinn	Umsjónarkennari		Reglulega yfir skólaárið	Lesskilningspróf í nóv. Orðarún feb. og maí	Auka skilning og orðaforða
Allir	Stafsetning (10-15 orð á viku)	Umsjónarkennari			Stafsetningarpróf	Bæta stafsetningu
Allir	Ritun (a.m.k. ein ritun á viku) Nýta matsviðmiðin úr samræmduprófunum.	Umsjónarkennari			Ritunarpróf – Matsviðmið sambærileg þeim sem eru notuð í samræmdum prófum	Bæta ritun
Allir	Hugtök	Allir kennarar	Gera hugtök sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní	Námsmat almennt	Efla málskilning og orðaforða

Hliðarpróf Lesferils (nefnuhraði, sjónrænn orðaforði, orðleysur) eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

4.bekkur – vinna með lesskilning

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunar og lesskilningur (sögukort bls.99-100)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Umræður, endursögn, forspá, ályktunarhæfni, beinar og opnar spurningar
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	„Ekki finnast svör við öllum spurningum“ (bls.137-138)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka
Allir	Spurningavefur (bls. 139-140)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Verkefni/kort
Allir	Að lesa, skrifa og spjall (bls. 129-131)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virgni og þátttaka

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

Ritun í 4. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 4. bekk.

Uppsetning, skrift og frágangur

Að nemandi:

- dragi rétt til stafs
- stafsetji rétt
- get nýtt sér regluna um n og nn
- kunnir mun á einföldum og tvöföldum samhljóðum
- noti punkt í lok málsgreina
- skrifi stóran staf í upphafi málsgreina
- skrifi stóran staf í sérnöfnum
- noti vel yddaðan blýant
- noti alltaf strokleður
- geri rétta vinstri spássú
- geri rétta hægri spássú
- skrifa læsilega
- gera punkta og kommur yfir stafi
- geri sjáanlegan mun á stórum og litlum staf
- geri hæfilegt bil á milli orða
- gæta þess að stafirnir sitji rétt á línu

Byrjun og endir

